



Tilmæli 14/2015

Fyrri númer:
A 1644

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00112-14

Aukin þekking á fíknivanda og bætt meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn og ennfremur;

að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna;

að Norræna ráðherranefndin/ráðherra viðkomandi málaflokks eigi að gefa árlega skýrslu um norrænt samstarf um fíknivanda á viðeigandi vettvangi.

Kaupmannahöfn, 3. nóvember 2015

Höskuldur Þórhallsson

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Þingmannatillaga

um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti

1. Tillaga nefndarinnar

Velferðarnefndin styður tillöguna A 1644/velfærd frá flokkahópi miðjumanna um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknaneti með því að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn og ennfremur;

að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna;

að Norræna ráðherranefndin/ráðherra viðkomandi málaflokks eigi að gefa árlega skýrslu um norrænt samstarf um fíknivanda á viðeigandi vettvangi.

2. Forsaga

Velferðarnefndinni hefur borist tillaga A 1644/velfærd frá flokkahópi miðjumanna og nefndin fjallaði um hana á sumarfundinum 22. júní 2015. Nefndin hélt málþing í febrúar 2015 í Stokkhólmi, þar sem fræðimenn og sérfræðingar frá öllum Norðurlöndunum komu saman og ræddu möguleikana á að þróa norrænt samstarf á sviði meðferðar við fíkn. Þátttakendurnir sýndu brennandi áhuga og hafa í kjölfarið lagt til aðgerðir sem gætu eft samstarfið.

Velferðarnefndin hefur einnig um langt skeið unnið með mál varðandi norræna áfengis- og tóbaksstefnu frá lýðheilsusjónarmiði, tilmæli 36/2012.

Frá lýðheilsusjónarmiði er fíkniefnamisnotkun ekki stór vandi þar sem tiltölulega lítil hluti íbúa landanna býr við slíkar áskoranir. Engu að síður sér nefndin samhengi á milli þessara tveggja sviða og telur að tillögurnar tvær styðji hver aðra.

3. Sjónarmið nefndarinnar

Tillagan gengur út á að efla þekkingu á og möguleikana á meðferð í löndunum. Þessu á að ná fram með fundum í rannsóknanetum þar sem hægt er að skiptast á upplýsingum, nýjustu þekkingu og bestu aðferðum. Flytjendur tillögunnar benda á að tilgangurinn er að veita áhrifamönnum og hagsmunaaðilum nýja og viðeigandi þekkingu, að bæta meðferðarkosti, að skapa sameiginlegt umhverfi rannsókna og rannsóknargetu á öllum Norðurlöndunum.

Fíkniefnavandi á Norðurlöndum hefur áður verið til umfjöllunar hjá Norðurlandaráði, síðast árið 2009 þegar fjallað var um tilmæli 21/2009/medborger um norræna áætlun gegn fíkniefnum og rannsóknarverkefni. Áherslan þá var á að samþykkja stefnu, að úthluta rannsóknarfjármagni til þessa sviðs og að samstillta og samhæfa aðgerðir landanna á sviði forvarna og til að takast á við fíkniefnamisnotkun. Markmiðið var að leggja áherslu á fyrirmyndarverkefni til að draga eins skilvirknislega og hægt væri úr fjölda fíkla. Norræna ráðherranefndin

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2015

Fyrri númer:
A 1644

Fjallað um í:
Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um
þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00112-14

vísaði á þeim tíma til þess að fram fer mikið norrænt samstarf á þessu sviði sem að auki er stýrt af alþjóðlegum samþykktum, m.a. alþjóðasamningi SP um ávana- og fíkniefni, sem leggur bann við allri notkun fíkniefna sem ekki er læknisfræðileg eða í rannsóknatilgangi, og sem Norðurlöndin eru aðilar að.

Bent var á að samhengi er að sjálfsögðu á milli banns við fíkniefnum og meðferðar við ávana- og fíkniefnanotkun, þetta tvennt fylgist að. Eftir að Norræna ráðherra nefndin haustið 2009 hafði fjallað um tilmæli Norðurlandaráðs, sendi hún í desember frá sér skriflega skýrslu.

Í skýrslunni er greint frá hinum óformlega vettvangi um fíkniefnamál „Nordisk Narkotikaforum“, en hann er á vegum Norrænu ráðherra nefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S), þar sem fulltrúar stjórnvalda á Norðurlöndum ræða málefni tengd forvörnum, meðferð og eftirlitsstofnunum. Vettvangurinn heldur árlega fundi og skiptist á reynslu og telur að þetta samstarf skili meiru en gerð stefnu. Af þeim sökum vildi Norræna ráðherra nefndin á þeim tíma ekki vinna frekar með tilmæli Norðurlandaráðs.

Borgara- og neytendanefndin var sátt við þær aðgerðir sem voru í gangi af hálfu Norrænu ráðherra nefndarinnar og afskrifaði tilmælin.

Skrifstofan kannaði hjá Norrænu ráðherra nefndinni hvort þessi vettvangur væri enn til og svo er. Haldnir eru árlegir fundir og það er Norræna velferðarmiðstöðin sem sér um skrifstofuhaldið.

Fíkniefnamisnotkun er þjóðarmálefni og eins og flytjendur tillögunnar koma líka inn á, þá er margt líkt með löndunum, sem og notast við ólíkar leiðir til að berjast gegn fíkniefnamisnotkun. Velferðarnefndin telur það hafið yfir vafa að gildisauki og norrænt notagildi felist í að gera úttekt á sterkri stöðu og skilvirkum aðferðum landanna hvers fyrir sig, og deila þeim rannsóknaniðurstöðum sem klínískt rannsóknnet getur gefið af sér.

4. Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindu styður velferðarnefndin þingmannatillögu A 1644/velfærd um að auka þekkingu á fíknivanda og bæta meðferð við fíkn með samstarfi í norrænu rannsóknneti með því að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherra nefndarinnar

að hún beiti sér fyrir aukinni þekkingu og bættri meðferð við fíkn og ennfremur;

að hún taki frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um klínískar rannsóknir á misnotkun fíkniefna;

að Norræna ráðherra nefndin/ráðherra viðkomandi málaflökks eigi að gefa árlega skýrslu um norrænt samstarf um fíknivanda á viðeigandi vettvangi.

Ósló, 9. september 2015

Aleqa Hammond (S)

Arja Juvonen (saf), Finnlandi

Bente Stein Mathisen (H)

Cassandra Sundin (SD)

Jan Erik Messmann

varaformaður

Karen J. Klint (S)

Katri Kulmuni (cent)

Krista Mikkonen (gröna)

Lennart Axelsson (S)

(DF), Sonja Mandt (A)

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2015

Fyrri númer:

A 1644

Fjallað um í:

Velferðarnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um

þingmannatillögu

Málsnúmer 15-00112-14